

AUGLÝSING

um deiliskipulagsáætlanir í Reykjavík.

Bleikjukvísl 10.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 30. apríl 2002, breytingu á deiliskipulagi fyrir Bleikjukvísl 10. Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

Lindargata 60, Skúlagötusvæði.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti skipulags- og byggingarnefnd þann 24. apríl 2002, breytingu á deiliskipulagi fyrir lóðina Lindargötu 60.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Skipulagið öðlast þegar gildi.

Reykjavík, 26. júní 2002.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur,

Helga Bragadóttir.

AUGLÝSING

um deiliskipulag á Akureyri.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur bæjarstjórn Akureyrar þann 7. maí 2002 samþykkt breytingu á deiliskipulagi Eyrarlandsholts frá 1998.

Breytingin tekur til reits milli Þórunnarstrætis og Hringteigs, frá Mímisbraut að Mosa-teigi og einbýlishúsalóðum við hann. Breytingin felst í því að í stað heimavistar/sumarhótelis og íbúða fyrir aldraða með einhverri verslun og þjónustu er nú gert ráð fyrir almennum íbúðum. Byggingarreitir og önnur skipulagsatriði á reitnum eru útfærð með skýrari hætti en í eldra skipulagi.

Uppdráttur með greinargerð hefur hlotið þá meðferð, sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið tekur þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi öll ákvæði eldra deiliskipulags frá 1. september 1998 sem varða þennan reit.

Akureyri, 18. júní 2002.

F.h. Akureyrarbæjar,

Bjarni Reykjalín, skipulags- og byggingarfulltrúi.